

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 16. janúar 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík  
o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi samkvæmt 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 240.000 á ári. Gjald dagi þess er 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfisskafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1938 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1979.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI J. 9.

Búnaður skipa.

Reglur um legufæri og festar fiskiskipa með mestu lengd  
15 m og minni.

1. Almennt.

- 1.1. Eftirfarandi reglur eiga við fiskiskip með mestu lengd 15 m og minni og opna skráningarskylda fiskibáta, sem hafin er smíði á eftir gildistöku þeirra.
- 1.2. Hvert skip og bátur sem fellur undir þessar reglur skal búinn legufærum og festum skv. meðfylgjandi línuriti.
- 1.3. Legufæri og festar skulu vera af viðurkenndri gerð.

- 1.4. Ef yfirbygging skips er stærri en almennt gerist um yfirbyggingar hefðbundinna fiskiskipa, skal auka þyngd akkera og styrk festa frá því sem annars á að vera skv. línuriti.
2. Akkeri og akkerisfestar.
  - 2.1. Þyngd akkera má skipta á tvö akkeri.
  - 2.2. Við hvert akkeri skal vera keðja, með þvermáli sem tilgreint er í línuriti. Heimilt er þó að nota eingöngu vír eða tóg sem akkerisfesti, en þá skal hafður 5 m langur keðjubútur næst akkerinu.
3. Landfestar.
  - 3.1. Landfestar skulu vera tvær, og skal hvor um sig vera af lengd og með brotþoli sem tilgreint er í línuriti.
4. Rúllur.
  - 4.1. Skip með mestu lengd meiri en 10 m, skal hafa rúllu í stafni og gálga eða annan búnað til þess að ná akkerinu inn eða láta það falla.
  - 4.2. Ef nauðsynlegt er að leiða akkerisfesti að vindu eftir krókaleiðum, skal hafa rúllur eða fótblakkir, sem eru nægilega sterkar og tryggilega festar.
  - 4.3. Rúllur skal staðsetja þannig að stefnubreyting akkerisfestar verði sem minnst.
  - 4.4. Rúllur skulu hafa næga vídd fyrir akkerisfestina og hafa hlíf þannig að festin geti ekki skroppið af rúllunum.
5. Vindur.
  - 5.1. Skip með mestu lengd meiri en 12 m, skal hafa vindu eða annan fullnægjandi búnað til að varpa og lyfta akkerum.
6. Keðjukassi.
  - 6.1. Keðjukassi skal vera nægilega stór til að rúma keðjuna. Ef akkerin eru tvö, skal kassanum skipt í tvö hólf, eitt fyrir hvora keðju.
  - 6.2. Keðjukassi skal vera sérbyggður, frír frá útsúð skipsins. Ef ekki er hægt að koma því við, skal vera hlíf innan í kassanum sem varnar því að keðjan geti nuddast við súðina.
7. Festar og festarleiðarar.
  - 7.1. Hvert skip og bátur skal hafa nægilegan fjölda polla og kefa til festingar skips/báts.
  - 7.2. Festartæki og festing tækjanna, skal vera nægilega sterkbyggt til að standast brotþol festa.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi eftirgreind ákvæði:

- a) 41., 42., 43. og 44. gr., reglna um smíði tréskipa nr. 260 11. nóvember 1947 og sá hluti töflu IX, sem við á. Þetta á eingöngu við um báta, sem eru 15 m að lengd og minni.
- b) 36., 37. og 38. gr. reglna um smíði skarsúðaðra skipa, nr. 59/1960 og sá hluti töflu II í sömu reglum, sem fjallar um legufæri og kaðla.
- c) 19. gr. reglna um smíði og búnað íslenskra skipa, hluti A, nr. 327/1977 að því er varðar báta, sem eru 15 m að lengd og minni.

*Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

Legufæri og festar fiskiskipa með mestu lengd 15 m og minni.

